



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FYRIRLESTUR

HIMALAJAJÖKLARNIR: ÞRIÐJA HEIMSKAUTIÐ

Dr. Yao Tandong, fremsti jöklafræðingur Kína og stjórnandi víðtækra rannsókna á Himalajasvæðinu, flytur fyrirlestur í Hátíðarsal Háskóla Íslands föstudaginn 1. október kl. 12:00. Fyrirlesturinn er haldinn í boði forseta Íslands og í samvinnu við Háskóla Íslands. Heiti fyrirlestrarins er „Himalajajöklarnir: Þriðja heimskautið“. Hann verður fluttur á ensku og er opinn öllum almenningi.

Yao Tandong á glæsilegan vísindaferil að baki og hefur birt tugi ritgerða á fræðasviði sínu, svo sem um áhrif rýrnunar jökla á vatnsbúskap í Kína, áhrif loftslagsbreytinga á monsúnkerfið í Asíu og um breytingar á úrkomu og hitastigi sem lesa má úr jökulborkjörnum nokkur þúsund ár aftur í tímann. Dr. Yao hefur verið heiðraður fyrir vísindastörf sín með margvíslegum hætti.

Fyrirlesturinn er hluti af fyrirlestraröð forseta Íslands *Nýir straumar* en ýmsir þekktir fræðimenn og forystumenn víða að hafa á undanförunum árum tekið þátt í henni.

Kristín Ingólfssdóttir háskólarektor mun stýra samkomunni á föstudaginn en forseti Íslands og prófessor Helgi Björnsson kynna fyrirlesarann.

29. september 2010

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).